

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

18. júní 2019


Efni: Tillaga LS að heildarafla í þorski fiskveiðiárið 2019/2020

Landssamband smábátæigenda hefur haft til skoðunar skýrslu Hafrannsóknastofnunar um aflahorfur fiskveiðiárið 2019/2020, sem kynnt var 13. júní sl.

Eins og venja er byggjast tillögur LS á upplýsingum úr skýrslu stofnunarinnar um nytjastofna sjávar og upplýsingum frá félagsmönnum undanfarin ár.

LS lýsir áhyggjum yfir hversu nýliðun margra tegunda hefur misfarist og undrar sig á að Hafrannsóknastofnun komi ekki með neina tilgátu um orsakir þess. Það eru LS vonbrigði hversu margar tegundir gefa eftir varðandi stofnstærð.

LS ítrekar fyrri áherslur um áhrif veiðarfæra á grunnslóð og skorar á ráðherra að afnema allar undanþágur á notkun botntrolls innan 12 sjómílna. Það er verulegt áhyggjuefni að hlutfall botntrolls hefur farið vaxandi við þorskveiðar á undanförunum árum (sjá mynd)¹.





¹ Tækniskýrsla úr töflu 1, bls 7

LS ítrekar fyrri ráðleggingar til sjávarútvegsráðherra að heimila ekki veiðar með dragnót innan 3 sjómílna. Leyfi til þess verði aðeins veitt til veiða á flatfiski. Fari hlutfall bolfisks við þær veiðar umfram 20% heildaraflans verði ekki veittar frekari undanþágur til veiða á viðkomandi svæði.

Þorskur - leyfilegur heildarafli verði 289 þúsund tonn.


Sjómenn með áratuga reynslu af þorskveiðum eru sammála um að þorskur hefur frá aldamótum verið í meira magni á miðunum en á síðasta áratug 20. aldar. Mikill og góður afli fæst í öll veiðarfæri. Meðfylgjandi mynd úr tækniskýrslu Hafrannsóknastofnunar staðfestir upplifun sjómanna auk áður birtrar myndar úr skýrslu stofnunarinnar árið 2015 sem þekur tímabilið 1991 - 2014.




Landssamband smábátæigenda hefur á undanföllum árum hvatt til meiri þorskveiði en tillögur Hafró hafa boðað. Við framsetningu þeirra hefur félagið gætt þess að ekki verði farið út fyrir ramma sem aflaregla stjórnvalda kveður á um.

Undanfarin átta ár hefur ráðherra hverju sinni gefið út að heildarafli verði samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar. LS hefur gagnrýnt ákvörðun ráðherra og bent á að í ljós hafi komið þegar árið var gert upp að afli næstliðins árs hafi verið lægri en aflaregla hafi sagt til um. Ráðherra hefði því átt að taka tillit til þess og bæta mismuninum við tillögu Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafli í þorski. Uppsafnaður afli tímabilið 2011-2018 að báðum árum meðtöldum, er kominn yfir 135 þúsund tonn. Á síðasta ári mat Hafrannsóknastofnun stærð viðmiðunarstofn fyrir árið 2018 1.357 þúsund tonn en í ár er hann sagður vera 1.410 þúsund tonn

Myndin sýnir afla sem hlutfall af veiðistofni hvers árs.




Myndin sýnir mismun á afla hvers árs og leiðréttum afla samkvæmt aflareglu.



Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að ráðherra beri að líta til þeirra sjónarmiða sem hér koma fram þegar hann tekur ákvörðun um leyfilegan heildarafli fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september næstkomandi.


I.

LS bendir á að viðmiðunarstofn þorsks er nú í sögulegu hámarki.




II.

LS bendir á að hrygningarstofn þorsks er í sögulegu hámarki.



III.


LS bendir á að árgangar sem mynda veiðistofn eru afar sterkir.



IV.

LS bendir á að stór hrygningarstofn er líklegri til að gefa af sér góða nýliðun. Ekkert er þó í hendi sbr. meðfylgjandi samantekt.

Myndin sýnir annars vegar fjölda nýliða síðustu 30 þorskárganga í milljónum talið, mælingar við 3 ára aldur, meðaltal 142 milljónir og hins vegar árlega stærð hrygningarstofns á 30 ára tímabili. Meðaltal 242.269 tonn.



Samantekt:

Hrygningarstofn undir meðaltali gefur 9 góðar nýliðanir og 12 undir meðaltali. Hrygningarstofn yfir meðaltali gefur 6 góðar nýliðanir á móti 3 undir meðaltali.

V.

Í þeim ólgusjó sem blasir við í þjóðarbúinu munar um allt sem gefur því auknar tekjur. Velta þarf við hverjum steini. Ákvörðun um leyfilegan heildarafla í þorski varðar gríðarlega hagsmunum. Þorskurinn trónir yfir aðrar tegundir í aflaverðmætum (49% á síðasta ári) og er undirstaða sjávarútvegs á Íslandi.

Stofninn er án alls vafa gríðarlega sterkur og sýnir enn betur að vert er að skoða tillögu LS um aflaaukningu.

Taflan sýnir stærð veiðistofns í þúsundum tonna eins og Hafrannsóknastofnun mat hann á hverju ári:

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Ársskýrsla 2015	1.302	1.371*	1.350*			
Ársskýrsla 2016	1.254	1.243	1.191*			
Ársskýrsla 2017	1.263	1.330	1.356	1.444*		
Ársskýrsla 2018	1.303	1.393	1.344	1.357	1.420*	
Ársskýrsla 2019	1.295	1.381	1.324	1.410	1.402	1.365*

* spár

VI.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar - Ástand nytjastofna sjávar og ráðgjöf 2019 – kemur eftirfarandi fram um gæði stofnmats:

„Stofnmatið í ár er í samræmi við stofnmat undanfarinna ára. Stofnmatið er byggt á stofnvisitölum 1–10 ára eins og undanfarin ár. Ef visitölur fyrir eldri fisk (11–14 ára) eru einnig notaðar er stofnmatið tæplega 10% lægra en matið sem ráðgjöfin er byggð á.“

Í kynningu á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar kom fram að helmingur viðmiðunarstofnsins væri 7 ára og eldri. Með skírskotun í framangreinda tilvitnun er það skoðun LS að samsetning stofnsins geti orðið til þess að afrán yngri árganga geti orðið umtalsvert. Dapurt ástand loðnustofnsins gæti einnig aukið á þessa hættu. LS telur af þessum sökum rétt að íhuga veiðistýringu til að auka sókn í stærri fisk. T.d. með ívilnun á kvóta fyrir fisk sem er líklegur út frá stærð að vera eldri en 8 ára.

VII

Í ráðgjafaskýrslu í Ástand nytjastofna sjávar og ráðgjöf 2019 segir eftirfarandi í upphafi í kaflanum Horfur:


„Árgangar 2016–2018 sem koma í viðmiðunarstofninn á næstu árum eru að meðaltali lægri en árgangar árin þar á undan. Líklegt er að stærð viðmiðunarstofns muni haldast svipuð eða minnka frá því sem nú er.“

Það er skoðun LS að spár út frá eins árs gömlum árgöngum og ályktanir út frá því eigi vart við í skýrslu sem þessari. Í skýrslu stofnunarinnar 2018 kom fram að 2016 árgangur (þá 2 ára) væri metinn nokkuð undir meðaltali, 2017 nálægt meðaltali (175 milljónir við þriggja ára aldur) og því muni stærð viðmiðunarstofns næstu þrjú árin haldast nokkuð svipuð því sem nú er. Í tilvitnuðu úr skýrslu 2019 er því hins vegar skeytt við að stofninn muni „minnka frá því sem nú er“ og þá vitnað til þess að þeir séu „að meðaltali lægri en árgangar árin þar á undan“, engin tala nefnd og stór ályktun sem þessi því ótímabær.

VIII

Að lokum ítrekar Landssamband smábátæigenda tillögu sína að leyfilegur heildarafli fiskveiðiársins 2019/2020 verði 289 þúsund tonn.

Virðingarfyllt


Axel Helgason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri